



Borgarráð

### ***Tillaga um staðsetningu Dans- og fimleikahús Reykjavíkur í Efra-Breiðholti***

Lagt er til að Dans- og fimleikahús með sölum fyrir dans, fimleika og aðra íþróttastarfsemi verði staðsett í hverfismiðjunni við Austurberg, samkvæmt tillögum að nýju hverfisskipulagi fyrir Efra-Breiðholt, sbr. meðfylgjandi minnisblað umhverfis- og skipulagssviðs og tillögu að hverfaskipulagi Breiðholts. Umhverfis- og skipulagssviði og ÍTR verði falið að vinna að þarfagreiningu fyrir Dans- og fimleikahús í Efra-Breiðholti í samráði við fimleikadeild ÍR, dansskóla með starfsemi í hverfinu, félög dansara og íbúaráð Breiðholts. Þá taki skrifstofa borgarstjóra og borgarritara upp viðræður við Fjölbrautarskólans í Breiðholti varðandi möguleika á að skólinn verði með danstengt nám sem nýti sér Dans- og fimleikahúsið.

#### *Greinargerð:*

Samkvæmt samþykkt borgarráðs frá 12. ágúst 2020 var umhverfis- og skipulagssviði falið að gera tillögu að staðsetningu Dans- og fimleikahúss í Efra-Breiðholti, ásamt því að hefja undirbúning og þarfagreiningu slíks húss í samvinnu við ÍTR og í samráði við ÍR. Vinna við staðarval og þarfagreiningu hófst í ágúst samhliða kynningu á vinnutillögum að hverfisskipulagi í Breiðholti.

Ákjósanleg staðsetning er á horni Austurbergs og Gerðubergs á lóðinni Gerðuberg 1. Staðsetning Dans- og fimleikahússins á þessari lóð, sem er í eigu borgarinnar, þykir styrkja menningar- mennta- og íþróttamiðju hverfisins við borgargötuna Austurberg. Þar eru fyrir menningarmiðstöðin Gerðuberg, frístundamiðstöðin Miðberg, tónlistarskóli, Fjölbrautarskólinn í Breiðholti og sundlaugin, ásamt fleiri íþróttamannvirkjum, sem og hverfistorgi, sem á að styrkja enn frekar. Jafnframt er áformað að Breiðholtsleggur Borgarlínu fari þarna um í framtíðinni.

Horft er til þess að allar tegundir af dansi fái að njóta sín í Dans- og fimleikahúsinu, sem á að þjóna bæði íbúum í Breiðholti og borginni allri. Með áherslu á fjölbreytta dansiðkun getur slíkt hús styrkt enn frekar hið fjölpjódlega samfélag í borginni og opnað allskyns ný samskipti og samskiptamöguleika.

Dans- og fimleikahús í Breiðholti raðaðist ofarlega í forgangs röðun íþróttastefnu borgarinnar sem samþykkt var í borgarráði sl. haust. Borgarráð samþykkti 19. nóvember sl. að umhverfis- og skipulagssviði og ÍTR verði falið að vinna að þarfagreiningu fyrir Dans- og fimleikahús í Efra-Breiðholti í samráði við fimleikadeild ÍR, dansskóla með starfsemi í hverfinu, félög dansara og íbúaráð Breiðholts.

Óformlegar viðræður hafa verið við Fjölbrautarskólann í Breiðholti um að skólinn nýti sér Dans- og fimleikahúsið til kennslu og náms á dansbraut sem byggð yrði upp við skólann. Er

lagt til að skrifstofa borgarstjóra og borgarritara taki upp viðræður við skólann, og eftir atvikum menntamálaráðuneytið vegna málsins.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:  
Minnisblað umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 8. júní 2021.



Borgarráð Reykjavíkur

### ***Dans- og fimleikahús Reykjavíkur við Austurberg***

Þann 19. nóvember 2020 var samþykkt tillaga í borgarráði um að fela umhverfis- og skipulagssviði að finna stað fyrir fimleika- og danshús í Efra-Breiðholti. Í kjölfarið skyldi gera þarfagreiningu og hefja undirbúningsvinnu slíks húss í samvinnu við ÍTR og að hafa skyldi samráð við ÍR. Vinna við staðarval og þarfagreiningu hófst skömmu síðar en samhliða voru kynntar vinnutillögur að hverfisskipulagi í Breiðholti.

Dans á sér langa sögu í Efra-Breiðholti en lengi var starfræktur dansskóli Heiðars Ástvaldssonar í Eddufelli. Dansskólinn var mikilvæg stofnun þegar Breiðholtið var enn að byggjast upp og hafði löngu fest sig í sessi áður en önnur uppbygging fyrir íþróttir og tómstundir átti sér stað.

Reykjavíkurborg á ekkert hús sem er hannað sérstaklega fyrir dans og því er mikill fengur fyrir borgina og framtíð dansiðkunar að fá alhliða danshús sem sérstaklega er hannað fyrir allar tegundir af dansi. Aðstöðu fyrir fimleika hefur líka vantað í hverfið en fjölmörg tækifæri eru í því að hafa dans- og fimleikahúskun í sama húsi í hverfismiðjunni við Austurberg eins og gert er ráð fyrir í tillögum að nýju hverfisskipulagi fyrir Efra Breiðholt.

Í hverfismiðjunni eru nú þegar menningarmiðstöðin Gerðuberg, frístundamiðstöðin Miðberg, Tónskóli Sigursveins, Fjölbrotarskólinn í Breiðholti og Breiðholtslaug, ásamt fleiri íþróttamannvirkjum. Til stendur að styrkja torg á svæðinu og gera að fallegu fjölnota hverfistorgi samkvæmt tillögum Hverfisskipulags. Staðsetning dans- og fimleikhúss verður því kröftug viðbót við menningar- mennta- og íþróttamiðju hverfisins við borgargötuna Austurberg. Einnig má gera ráð fyrir að til verði fjölmörg spennandi tækifæri til samstarfs og samnýtingar rýma milli stofnana á svæðinu. Þá er áformað að Breiðholtsleggur Borgarlínu fari um Austurberg.

Markmiðið er að dans- og fimleikahús Reykjavíkur verði nýtt kennileiti í Breiðholti með aðdráttarafl fyrir borgarbúa á öllum aldri. Horft er til þess að allar tegundir af dansi, fimleikum og jafnvel fleiru fái að njóta sín í dans- og fimleikahúsinu, sem á að þjóna bæði íbúum í Breiðholti og borginni allri.

Þannig er byggt ofan á rótgróna hverfismenningu og hún fest í sessi á sama tíma sem Breiðholtið eignast nýtt aðdráttarafl.



Ólöf Örvarsdóttir  
sviðsstjóri